

ÞÍ. Kirknaskjöl. K. XVI. Barðastrandarsýsla.

Örk: Sauðlauksdalur í Patreksfirði 1695–1785.

Anno 1711. Þann 18. Augusti að Sæbole á Ingiallds Sande frammför Svofelldur gíorningur epterskrifadra Manna á Mille, af Einne älfu Skölameistarans Þorleifs Arasonar, Enn af Annare Eggerts Sæmundssonar og Þorkótlu Jönsdottur /: í ockar underskrifadra Manna Vidurvist, Sem eptertilger. Í fyrstu Selur greindur Þorleifur Arason, gófigum Hófdingshiönum Eggert Sæmundssyne og Þorkótlu Jönsdottur Jórdena Minna og Ytra Gard í dyrafirde í Mijra kyrkiu Sockn, Sex Hundrud að dyrleika, Med öllum þeim gógnum og giædum, að husum, tunum, Eingium og uthógum, Sem greindre Jórdu filger, og filgt hefur að fornu og Nýu, og filgia ber Med Riettu, að öllu tilskilldu, enn Eingungundann teknu. Þetta gíorer hann epterskriflegre fullmegt Syns fódur Ara Thorkelssonar, under hanns Eigenn hönnd og Signete. Hier ä möt giallda og greida ädur nefnd höfdingshiön Eggert og Þorkatla Þorleife Arasyne 42 Rixdale in Specie nu strax, og skulu þau greinda Jörd að Sier taka ij Næstkomande fardógum, med henne filgiande landskuld.

Í Annann mäta Selur Þorleifur Arason Eign Sijna halfan Stærre og Innra Gard í dijrafirde, fírgreindum höfdingshiönum Eggert og Þorkótlu, med öllum þeim gógnum og giædum, að husum, tunum, Eingium og uthógum, Sem þeim Sex hundrudum filgt hafa, filgia og filgia Eiga med Riettu. Ä möte þessu greiddu Ädurnefnd höfdingshiön Eggert og Þorkatla Þorleife 30 rdr in Specie, Enn þä 6 Rixdale Sem äbrestur af Hälfs Annars hundrads virde ij Lausafe, betalest firir hvert fasteignar hundrad, Jätar Þorleifur Sig medteked hafa; Þad er og hier tilskiled að Eggert hallde kaupe Sýnu til laga, enn Þorleifur og fader hanns Are Þorkelsson Svare laga Riptingum, epterskriflaganna hliödan. Þessu framann og ofannskrifudu, til stadfestu, Skrifum vier underskrifader Menn að þessum gíorninge til Vitnes kallader, Vor Nöfn hier under äsamt kaupanda og Selianda, ä sama stad äre og deige sem fir seiger.

Þorleifur Arason Eggert Sæmundsson mppria
Arne Þorsteinsson Þorleifur Jonsson meh

Anno 1729 d. 14. Aprilis að Mijrum að Lógsettu Manntals Þíngi, Var þetta bref upplest, är og dag, sem fir Seiger;

Til merkis Marcus Bergsson mppria Olafur Jonsson mppria
Jön Jönsson meh. Þorleifur Jönsson

1723. Þann 3ia Maý að Sæbole á Ingiallds Sande Hefur Mad(am)me Säl. Þorkatla Jönsdotter auglyst, að framannskrifader Jardar partar Litli Gardur vi hndr. og Hälfur Störe Gardur vi hndr. tilheirdu ij Erfd Mad(am)me Säl. Þuride Sæmundsdottur, epterskriflaganna Säl. Brödur Mr Eggert Sæmundsson, Jafnvel Þött Säl. Mad(am)me Þorkatla til Syns andlätisdags ij firra vor hieilde agödanum Af þessare fast Eign umm Syna lyfdaga, að firnefndum hennar Egta Manne Óndudum, epterskriflaganna kongl. Mayst allra Nädugustu bevilling, Hver xii hndr. eg erft hefe epterskriflaganna Velgiörda Systur Mijna Säl. Mad(am)me Þuride Sæmundsdottur, So Sem hennar digdarykt Testament, af Konglegre millde Allra Nädugast Stadfest, auglyser – Testor Ormur Dadason Saurbæ ä Rauda Sande 25. Majj 1740.

Ad Þesse auglysing Sie Sannferdug, Jätar underskrifadur, Sem Samstundes Sä og las Þar umm af Säl. Mad(am)me Þorkótlu underskrifad og forsiglad document, datum ut supra Olafur Arnason

Epter firrsógdumm Heimildar Riette, og ij Krapte og mindugleika Þess allra Nädugasta kongl. Maytz Nädar brefs af 20ta Aprilis 1709. Ad eg underskrifadur skule vera lógerfinge Ehrugófigrar Mad(am)me Þuridar Sal. Sæmundsdottur, þä gióre eg Ormur Dadason Sysslumann yfer Dala Sysslu, hier med augliöst, ad Þar Sem mün Säl. Velgiórda Syster, Velnefnd Mad(am)me Þuridur Sæmundsdotter kaus Synum andvana lykama legstad ad Saudlauksdals kyrkiu, vid Patreksfiórd Jnnan Bardastrandar Sysslu, hvar hennar mollder og einneigenn hvyla, epter undertóludu; Þä gief eg hier med og til fullkomennar Eignar, og eigenndöms af hende, med Þessu brefe, undann mijnu og minna Erfingia eignar hallde, firnefndre kyrkiu ad Saudlauksdal, ij Legkaups Nafne; epter hier Velnefnda Mijna Säl. Velgiórda Systur, allann Minne og Ytre Gard vi hndr. ad dyrleika, Sem Nu leigest, firir utann tvó kugillde, med tveggia wætta landskulld, og Hälfann Stærre og Innre Gard vi hndr., Er Nu biggast, firir utan 1 ½ kugillde, med 1 vættar og 4fda landskulld, Sem liggia i dijrafirde og Mijra kyrkiu Sökn, Jnnan Jsafiardar Sysslu, med óllum Þeim gógnum og giædumm Eignum og Jtókum, Sem Þessum Jórdum filger, filgt hefur og med Riettu filgia ber, óllu tilskilldu, Enn eingu fräteknu, til þeirra Jtstu ummerkia, Sem adrer menn eiga i möte. Hvar firir ad hver Sä heidurlegur kiennemann sem prestlegu Embætte Þienar, sem Soknarherra, ad Saudlauksdals kyrkiu epter Þennann dag, mä med friälsu ad Sier taka og uppbera offtnefndra xii hundrada Landskullder, So Sem af annare riettil komenne kyrkiu eign, ätölulaust hier epter æfennlega ij alla Stade. Þeim Sama Söknarpreste, er og ij Siälfs vallde, annad hvert ad forhæcka epter Jardar Magne Landskulldar af pórtunum, Edur Setia Þangad kugillde af Sinne eign, epter Þvi Sem hann kann ad koma kaupé Sijnu Vid leigulida. Heimilldt er og firir mier, ef Soknarprestur yfer greindre kyrkiu vill burt bijta, edur Selia firnefnd xii hndr. firir Jafnvæga fasteign, Jnnan kyrkiu Soknar med VelEdla hr. Biskupsens ij Skälhollte, råde og Sampicke, og kyrkiunne afdrättarlaust, Þar Sem eg ecke fieck kaup a Þeim xij hundrudum, Sem eg Annars Villde Jnnann Kirkiu Soknar gollded hafa ij adurnefnda Skulld.

Þessu óllu til frekare Stadfestu, er minnar eigenn handar underskrifad Nafn og hiäprickt Sidvanalegt Signet, ij til kalladra Votta Vidurvist, er eg beded hefe, Þetta mitt utgiefed heimelldar Skial, med mier ad under skriffita hier ad Saurbæ ä Rauda sande þann 27da dag Maij mänadar Anno Christi 1740 Ormur Dadason (L.S.)

Vidstadder vorum vid underskrifader, Sem til kallader vottar, stad ar og dag sem fir Seiger Jon Jonsson Gudmundur Þordarson

Framannskrifad heimelldar skial, var firir Riettenum ad Tungu ij Ørlógshófn, Settu manntals þinge fóstudagenn þann 27da Maij 1740, äsamt framannskrifadre adkomst, opennberlega upplested; Hvar umm til vitnes eru under skrifadra nófn, med eigenn hóndum. Olafur Arnason. Magnus Þorvardsson. Þorvalldur Einarsson.

Framannskrifad er Samhliöda Vid Originalen Þad Vitnum vid underskrifader Er Samannläsum ad Fagradal Þann 18da Jun. 1740 Gudmundur Þordarson Þorolfur Finnsson mppria

AM Acc. 1, bl. 135r og 136v, bl. 135v–136r eru auðar.

Veledla og Velbyrduge Herra
Storærvirdande Velgiórare.

Þienustusamleg Heilsan.

Jeg öska af alhuga ad þetta Einfallt Skrif, finne Hans herradöm j Akiösanlegu luckustande sem leinge og vel vidvare Epter Guds nådugumm Vilia, þackande þar hiä j undergiefne allar gödgiórder vid mig frammkomnar ad fornu og nýu.

Jeg Skrifade hans herradöm til j fyrra med Sydara Vatneyrar Skipe, og Sende Þar med peningana er hann hiä mier ätte. Sem innelagdur Sedell Siner, og liggur það giórvallt j Siö med Säl. Klein, og er Þvi ej Vydara af mier ummtalad. Nu sende eg Þennann sedel enn þä med Vatneyrar Skipe, og bid kaupmannenn Mons. Tydemann ad betala til mins Herra, äminsta 3 Slietta dale, og öska það luckulegar afgangene enn j fyrra, bid hann og aludlega hier med ad misvyrda ej þött hann peninganna So leinge beded hafe, þar So öluckulega til fiell.

Ad aliktan befala eg minn Herra Guddomlegre Vardveitslu, filgiande minne aludarheilsan og öskumm allra heilla, og vil jafnan finnast

Hans Herradöms Þienustuskilldug Þurydur Sæmundsdotter

Saurbaj d. 30. Aug. 1729

[Utanáskrift:]

Veledla og Velbyrdugumm Hr. Assessor Hr. Arna Magnussýne Mynumm Hättvirdande gunstugum Velgiórara, Þetta Þienustusaml(eg)a á Kaupmannahófn.

Med Einumm gödumm Vin sem gud LeidSeige og bevare.